

3. gr.

Mæling lóðar	kr.
Mæling fyrir húsi á lóð	24.000
Mæling fyrir húsi í sveit	24.000
	12.000

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af stjórn Samlags um embætti skipulags- og byggingarfulltrúa Snæfellsness- og Borgarfjarðarumdæmis og staðfest af viðkomandi sveitarstjórnnum samkvæmt lögum nr. 170/2000 17. gr. sem er breyting á 53. gr. laga nr. 73/1997. Gjaldskráin öðlast þegar gildi.

Hrossholti, 26. apríl 2001.

Ólafur K. Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi
Snæfellsness- og Borgarfjarðarumdæmis.

Nr. 338

24. apríl 2001

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja 1988 - 2008, Löngulág.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 24. apríl 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja 1988 - 2008 frá 2. júlí 1990.

Breytingin felst í stækkun á reit umhverfis vatnstankinn í Löngulág þannig að opið svæði til sérstakra nota verður skilgreint sem svæði opinberra stofnana/félagsheimili/verslunar- og þjónustusvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Vestmannaeyja. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 24. apríl 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Nr. 339

24. apríl 2001

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Grundarfjarðar 1984-2004, stækkun Stórubryggju, Eyrarsveit.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 24. apríl 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grundarfjarðar 1984-2004 frá 22. febrúar 1985.

Breytingin varðar lengingu Stórubryggju um 100 metra, breidd lengingar er 40 metrar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Eyrarsveitar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 24. apríl 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigríður Auður Arnardóttir.